

Nd.

303. Nefndarálit

um frv. til l. um vinnudeilur.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir eigi orðið ásátt um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. n. (þeir JörB, HV og StJSt) vill ekki samþykkja þetta frv. HV og StJSt vilja vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, en JörB vill, að málið fái frekari rannsókn og undirbúning og mun bera fram till. til þál. um skipun milliþinganeftar í því skyni.

Við undirritaðir viljum hinsvegar leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt, þar eð brtt. hafa eigi fram komið og eigi hefir fengið rætt um breyt. innan allsherjarnefndar. Hinsvegar erum við fúsir að taka til athugunar allar skynsamlegar brtt., er gætu orðið til að tryggja samkomulag um málið, afgreiðslu þess og framkvæmd.

Enda þótt mál þetta hafi fengið frekar vinsamlegar undirtektir hér á Alþingi, hefir það mætt nokkurri andúð utan þings. Hyggjum við, að hún byggist að verulegu leyti á ófullnægjandi flutningi málsins í útvarpi þingfréttar. Höfum við orðið þess varir, að ýmsir telja, að vinnudómstóll Íslands, er frv. gerir ráð fyrir, sé einskona gerðardómur í vinnudeilum og eigi að skera úr um hagsmunaágreining aðilja, þ. e. a. s. ákveða með dómi launakjör verkamanna. En þetta er alrangt. Vinnudómstóll Íslands á aldrei að dæma um hagsmunaágreining aðilja, en aðeins að fást við réttarágreining með því að skera úr því, hvort brotið hefir verið gegn gerðum samningum. Í frv. þessu eru engin ákvæði um lögþvingaðan gerðardóm. Réttur vinnuveitenda til verksviptingar og verkamanna til verkfalls, til að knýja fram kröfur þeirra, er látinn haldast að aðalefni, en ríkisvaldinu er gert að skyldu að reyna til hins ýtrasta að afstýra þessum voða.

Þetta frv. er sniðið eftir því, sem gildir í nágrannalöndum vorum, og það eitt tekið upp, sem bezt hefir reynzt þar og allir áhyrgir stjórn málaflokkar í þessum löndum hafa samþykkt. Við teljum því, að þetta mál sé réttmætt og sanngjarnt og eigi að ná fram að ganga, enda sé þjóðfélaginu nauðsynlegt að tryggja sig svo sem unnt er gegn ónauðsynlegum og óvantum vinnudeilum, sem jafnan hafa tjón í för með sér fyrir alla þjóðfélagsheildina.

Alþingi, 6. apríl 1936.

Thor Thors,
frsm.

Garðar Þorsteinsson.